



**Samráðsgátt stjórnvalda,
Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Mál nr. S-259/2023**

Reykjavík, 9. janúar 2024

Umsögn um áform um gerð frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum á fjármálamarkaði (lagfæringar)

SFF fagna því að ráðuneytið hyggist lagfæra ýmis atriði sem betur mega fara í löggjöf á fjármálamarkaði. Á sama tíma og innleiða þarf fjölda ESB reglna hérlendis er mikilvægt að huga að því að tryggja sem best samræmi við önnur ríki í innleiðingu og lagfæra séríslenskar reglur þar sem gengur hefur verið lengra en annars staðar. Gæta þarf þess að gera hlutina ekki of flókna m.a. með séríslenskum gullhúðuðum reglum til viðbótar við evrópska regluverkið.

Á þessu stigi máls vilja SFF nefna sérstaklega 9. tölul. áformanna þar sem greint er frá því að ætlunin sé að gera breytingar á 57. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem nú áskilur að stjórn fjármálafyrirtækis samþykki lán, ábyrgðir, kauprétti og sambærileg viðskipti við stjórnarmann eða framkvæmdastjóra og maka, börn og foreldra þeirra og fyrirtæki sem þeir hafa tiltekin tengsl við. Fram kemur í áformunum að ætlunin sé að „skerpa á því að stjórn þurfi ekki að taka sérstaklega fyrir hver og ein minni háttar viðskipti sem ekki fela í sér hættu á hagsmunaaðreksstrum heldur geti samþykkt almennt fyrirkomulag um slík viðskipti“. Sérstök ástæða er til að fagna því að skýra eigi nánar að ekki öll viðskipti tilgreindra aðila við fjármálafyrirtækið falli undir ákvæðið. Núverandi ákvæði hefur eftir nýlegar breytingar á ákvæðinu, gengið of langt að þessu leyti.

Að mati SFF er þó ástæða til að ráðuneytið taki einnig til skoðunar hvort núverandi ákvæði feli í sér gullhúðun á öðrum sviðum þ.e. gangi lengra en Evrópulöggjöf. Sérstaklega á það við um áskilnað í 57. gr. laga um fjármálafyrirtæki um að ákvörðun um viðskipti þeirra aðila sem þar eru taldir upp skuli tilkynnt Fjármálaeftirlitinu af fyrra bragði. Evrópulöggjöfin virðist ekki mæla fyrir um að tilkynna skuli Fjármálaeftirlitinu um viðskipti heldur er gert ráð fyrir að þau séu skjalfest á tilhlýðilegan hátt og **gerð aðgengileg lögbærum yfirvöldum óski þau eftir þeim**.

Í greinargerð með 79. gr. laga nr. 38/2022, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og fleiri lögum, segir að breytingum á 57. gr. laga um fjármálafyrirtæki sé ætlað að tryggja samræmi við 4. og 5. undirgr. 1. mgr. 88. gr. CRD IV (sem kom inn í tilskipunina með CRD V) sem er svohljóðandi:

23) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 88. gr.:

Aðildarríki skulu sjá til þess að gögn um lán til stjórnarmanna og tengdra aðila séu skjalfest á tilhlýðilegan hátt og gerð aðgengileg lögbærum yfirvöldum óski þau eftir þeim.

Að því er varðar þessa grein, merkir hugtakið „tengdur aðili“:

a) maki, skráður sambúðarmaki í samræmi við landslög, barn eða foreldri stjórnarmanns,

b) viðskiptaæining, sem stjórnarmaður eða náinn aðstandandi eins og um getur í a-lið, á virkan eignarhlut í sem er 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti í þeirri einingu, eða sem þessir aðilar geta haft veruleg áhrif á, eða sem þessir einstaklingar gegna stjórnunarstöðu í eða eru aðilar stjórnar.

Í gr. 12.1 í viðmiðunarreglum EBA (EBA/GL/2021/05) um innri stjórnarhætti, 123. undirgrein, er gert ráð fyrir að komið sé á fót ákvörðunarferli vegna lánveitinga til stjórnarmanna fjármálafyrirtækis og tengdra aðila en ekki er fjallað sérstaklega um tilkynningaskyldu. 123. undirgrein er svohljóðandi:

The management body should set out the applicable decision-making processes for granting loans to and entering into other transactions with members of the management body and their related parties. This framework may provide for a differentiation between standard business transactions entered into in the ordinary course of business and concluded on normal market terms and staff loans and transactions, which are concluded on conditions available to all staff. Furthermore, the conflicts of interest framework and decision-making process may differentiate between material and non-material loans and other transactions, different types of loans and other transactions and the level of actual or potential conflicts of interest they may create.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á að 57. gr. laga um fjármálafyrirtæki feli í sér séríslenska íþyngjandi reglu um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins. Eðlilegra væri að mæla fyrir um það í lögum að fjármálafyrirtæki hafi upplýsingar um viðkomandi aðila til reiðu óski fjármálaeftirlitið eftir þeim.

Að lokum er vert að benda á að eftir fyrirhugaða breytingu ráðuneytisins og að teknu tilliti til framangreindra athugasemda er 57. gr. að vissu leyti tvítekning á 3. mgr. 55. gr. sömu laga sem fjallar um viðskiptaerindi stjórnarmanna.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,



Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur